

# Staðfesting á skráningu fyrir flugeldasýningu

Rekstraraðili

---

Rekstraraðila ber að fylgja starfsskilyrðum sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 830/2022  
um skráningarskyldan atvinnurekstur sbr. 8. gr. laga nr. 7/1998 um  
hollustuhætti og mengunarvarnir

Heilbrigðisnefnd \_\_\_\_\_  
hefur eftirlit með starfseminni og skráningu

Starfsskilyrði fyrir flugeldasýningar gilda um starfsemina

# Starfsskilyrði fyrir flugeldasýningar

*Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5. gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum.*

*Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.*

## 1. SKILYRÐI

		Rgl.nr.
1.1	Skylt er að haga allri háværrri starfsemi þannig að valdi sem minnstu ónæði.	724/2008
1.2	Hefja má flugeldasýningu ef veður og aðstæður leyfa þann dag og á þeim tíma sem tiltekinn er í leyfi lögreglustjóra. Sé veðráttá eða vindátt óhagstæð skal fara að tilmælum lögreglu.	414/2017 15. gr. og rgl. nr. 737/2003
1.3	Óheimilt er að skjóta upp flugeldum á eða í nánd við friðlýst svæði og vatnsverndarsvæði nema að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar ef um friðlýst svæði er að ræða.	796/1999, 797/1999 og lög nr. 60/2013.
1.4	Ábyrgðarmaður flugeldasýningarinnar ber ábyrgð á því að starfsemin sé í samræmi við gildandi löggjöf og að upplýsingar sem hann veitir um starfsemina séu réttar.	Lög nr. 7/1998
1.5	Skoteldasýningar skulu ekki haldnar eftir kl. 23:00 virka daga og ekki eftir kl. 24:00 um helgar. Fara skal eftir reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	414/2017 15. gr. og 724/2008 um hávaða.
1.6	Starfsemin skal lúta ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og laga nr. 40/2015 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og reglugerð nr. 414/2017 um skotelda, eins og við á.	

1.7	Vöktun á flugeldasýningu skal vera samfelld. Leyfishafa ber að sjá um hreinsun þess svæðis þar sem flugeldasýning hefur farið fram. Skoteldaúrgangi ber að skila á viðurkennda móttökustöð.	414/2017 15. gr.
1.8	Viðhafa skal sérstaka varkárni og nærgætni í nánd við svæði með ríkt fuglalíf og forðast óþarfa truflun skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.	Lög nr. 60/2013 og 64/1994

**Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 414/2017 um skotelda og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.